

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hvítársíðuhreppi.

Hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps, Mýrasýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir stækkun frístundabyggðar á Bjarnastöðum, 6 lóðir á svæði 5.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Sámsstöðum, 16. nóvember 2004.*

Fyrir hönd hreppsnefndar,

**Ólafur Guðmundsson** oddviti.

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag við Búðarstíg 19 á Eyrarbakka.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. júní 1999 tillögu að deiliskipulagi fyrir verslunar-, þjónustu- og iðnaðarsvæði að Búðarstíg 19 á Eyrarbakka.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:750/1:7500 þann 25. febrúar 1999 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 11. mars til og með 8. apríl 1999 með athugasemdafresti til og með 23. apríl 1999.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 16. nóvember 2004.*

**Grétar Zóphaniásson**, fulltrúi á skipulags- og byggingadeild.

## REGLUR

### um breyting á reglum um starfsemi íslenska dansflokksins, nr. 14/2002.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjárhæðir skv. 2. mgr. skulu taka breytingum í samræmi við gr. 1.1.3. í kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) frá 25. mars 2001.